

Efni:

Umsókn um framkvæmdarleyfi til endurnýjunar neysluvatnslagna og forðatanks neysluvatns fyrir Orlofsbyggðina Flókalundi við Vatnsfjörð.


F.h. rekstarfélags Orlofsbyggðar í Flókalundi kt. 550169- 7039 er sótt um framkvæmdaleyfi til endurnýjunar á neysluvatnslögnum ásamt endurnýjun og tilfærslu á staðsetningu forðatanks neysluvatns fyrir byggðina.

Fyrirhugaðar framkvæmdir eru á röskuðu landi innan orlofsbyggðarinnar, vestan vegar sem liggur frá þjónustuhúsi neðst í byggðinni upp að bílastæði austan við hús nr.8.

Jarðrask er annarsvegar skurðgröftur fyrir vatnslagnir frá baðhúsi sundlaugar (sjá línu frá baðhúsi merkt með **rauðu** á mynd) að vegi. Til að takmarka jarðrask á kjarri og viðkvæmum lággróðri verður grafið áfram upp með vegöxl austan við hús nr. 8. að reit fyrir 15.000 lítra forðatank fyrir neysluvatn merkt með **grænum** ramma á mynd. Eldri forðatankur neysluvatns sem stendur efsti byggðinni verður fjarlægður og jarðvegur jafnaður og sáð í sárið.

Skipta þarf um jarðveg undir nýjum forðatanki og jafna út. Gert er ráð fyrir að reisa létt hýsi yfir nýjan forðatank og verður sótt sérstaklega um byggingarleyfi fyrir hýsinu. Áframhaldandi skurðgröftur gerður frá nýjum forðatanki (merkt með **rauðu** á mynd) inn á núverandi lagnir (merkt með **grænu** á mynd).

Lögð er áhersla á að nota vélar af stærð sem valda sem minnstu jarðraski við fræmkvæmdina. Fyrirhugað er að yfirborðsgróður verði endurnýttur þar sem því verður komið við og sáð í sár eftir þörfum.



Virðingarfyllt
 F.h. Rekstarfélags Orlofsbyggðarinnar í Flókalundi

Finnbogi Sveinbjörnsson, formaður stjórnar